

Endurskoðendur um ársreikning 1981:

Tekjur ÍSALS vantaldar um 1,5 miljón dollara

Samíð við BSRB

Í fyrrinótt tókust samningar milli BSRB og ríkisins um nýjan aðalkjarasamning, sem gilda mun frá fyrsta ágúst. Er hann mjög hliðstæður samningi þeim sem ASÍ gerði fyrr í sumar við atvinnurekendum.

Samningurinn var samþykktur með 39 atkvæðum í samninganefnd, móttatkvæðalaust, en meðal þeirra sem sátu hjá var formaður BSRB, Kristján Thorlacius.

Auk kauphækkunar í aðalkjarasamningi og lengingar orlofs hafa náðst sérkjarasamningar við öll félög nema lögreglumenn, og fela þeir í sér ýmsar kjarabætur.

Sjá 16.


„Aldrei boðið upp á 20% hækkun“

— og hefði ekki samþykkt hana, segir Kristján Ragnarsson

„Sjávarútvegsráðherra lét í ljós í viðtali við mig að hann vildi fá fram 18–20% fiskverðshækkun. Sá vilji ráðherra birtist hins vegar aldrei í yfirnefnd og þó svo hefði verið þá hefði ég aldrei samþykkt þá hækkun. Hún leysir ekki vandann“, sagði Kristján Ragnarsson formaður LIÚ í gær.

Útgerðarmenn hafa lýst mikilli andúð á ákvörðun verðlagsráðs frá í fyrradag að hækka fiskverð um 16%. Stjórn og trúnaðarmannaráð LIÚ hefur verið boðað til fundar í dag þar sem tekin verður afstaða til mótaðgerða en útgerðarmenn hafa m.a. hótad því að leggja togaraflothanum.

„Ég vil ekkert segja um hvað verður úr en það er alveg ljóst að allir útgerðarmenn eru komnir á heljarþróm, sama við hvaða rekstrarform þeir búa.“



Sýning á verkum Bertels Thorvaldsen verður formlega opnuð að Kjarvalsstöðum á morgun. 78 verk þessa íslenska ættada listamanns verða á sýningunni sem stendur til októberloka. Sýning þessi markar á vissan hátt tímamót, því þetta er í fyrsta sinn í 134 ára sögu Thorvaldsenssöfnisins sem sýning á verkum hans er haldin á erlendri grund, en Thorvaldsensafnið er í Kaupmannahöfn. — Verndarar sýningarinnar að Kjarvalsstöðum verða Dr. Kristján Eldjarn og Ingiríður ekkjurdrottning. —hól

Alusuisse mein- aði endurskoð- endum aðgang að bókhaldi sínu!

Endurskoðendur reikninga Íslenska álfélagsins, Coopers og Lybrand, telja að fyrirtækið hafi vantalið tekjur sínar í fyrra um rúmlega hálfa aðra miljón bandaríkjadollara og hefur ársreikningur ÍSALS verið leiðréttur í samræmi við það.

Þetta lækkar hið reikningslega tap, en breytir ekki skattgreiðslum félagsins hér á landi.


Í niðurstöðum endurskoðunarfirmans kemur fram að Alusuisse neitaði endurskoðendum um aðgang að bókhaldi sínu og dótturfélaga sinna til öflunar upplýsinga og gagna um viðskiptin við ISAL.

Íðnaðarráðuneytið telur að með þessu hafi Alusuisse framið skýlaust brot á aðalsamningi.

Sjá 3.




Djöfullinn er ekki af baki dottinn og hefur skotið upp kollinn með eftirminnilegum hætti hjá þvottaduftsframleiðanda einum.



Íslendingar og Hollendingar gerðu jafntefli, 1-1, í Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu á Laugardalsvöllinum í gærkvöldi.

11



Íbúar við Seljaveg ítreka kröfur sínar

Starfsemi Eims verði stöðvuð þegar í stað

50 íbúar í nágrenni efnaverksmiðjanna Kolsýruhleðslunnar og Eims við Seljaveg í Reykjavík hafa sent heilbrigðisfyrirvöldum og borgarstjórnunum í Reykjavík bréf þar sem þess er krafist að rekstur Eims verði stöðvaður þegar í stað meðan málefni fyrirtækisins eru í athugun. Jafnframt verði þannig gengið frá hnútum að Eimur flytji sína starfsemi af lóðinni en Kolsýruhleðslunni verði strax gert að ganga sómasamlega frá húsi og umhverfi fyrirtækisins.

Í bréfi íbúanna til Hollustuverndar ríkisins er bent á að efnið

sem Eimur noti til vinnslu kolsýru við olfubruna sé vökvi er nefnist mónóetanólamín en hann er mjög hættulegur við öndun og brennir auk þess hörund við snertingu. Þá sé hann afar eldfimur. Íbúarnir

benda á að framleiðendur þessa stórhættulega vökva fyrirskipi að hann skuli geymdur í tönkum úr ryðfríu stáli en Eimur geymi þetta efni hins vegar í óvörðum tunnum á lóðamörkum!

Í bréfi sínu til borgarstjóra, Davíðs Oddssonar lýsa íbúarnir vonbrigðum sínum með að hann skyldi í engu sinna bréfi þeirra frá 14. maí í vor þar sem þeim óskum var komið á framfæri að starfsemi Eims verði ekki leyfd á lóðinni og að Kolsýruhleðslunni verði gert skylt að ganga sómasamlega frá húsnæði fyrirtækisins. Ennfremur segir í bréfinu til borgarstjóra:

„Okkur finnst óverjandi að borgarstjóri skyldi ekki gefa borgarráði kost á að ræða þessi atriði o.fl. áður en lóðarsamningurinn var undirritaður 22. ágúst sl.“

Bréf íbúanna til Hollustuverndar og borgarstjóra eru birt í heild í opnu blaðsins í dag.

3000 lítarar af lífshættulegum eiturvökva eru geymdir í tunnum á lóð fyrirtækisins!